

EFTIRLITSSKÝRSLA

Póroddur ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	20.6.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Póroddur ehf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Eyrargötu 1, Patreksfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5006043790	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Örn Pálsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti en tvær athugasemdir voru gerðar hvað varðar breytingu á starfsemi fyrirtækisins og uppsögn á tryggingu vegna bráðamengun hafs og stranda.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir síðasta eftirlit. Bætt hefur verið úr þeim frávikum sem þar komu fram og öllum áætlunum skilað inn til stofnunarinnar.

Keyrt var á Patreksfjörð og litið yfir kvíastæðið. Voru 5 kvíar á svæði Pb en ekki á öðrum svæðum í firðinum. Var fiskur í þeim öllum. Ekki var hægt að sjá neina mengun frá eldinu í fjörunni við eldissvæðið eða í sjónum við kvíastæðið.

Á Tálknafirði er verið að vinna að aðstöðu í landi og þar eru 3 kvíar á svæði Tc. Ekki eru kvíar á svæðum Ta og Tb. Horft var yfir kvíasvæðið og var þar seiðaskip að dæla seiðum í kví. Ekki var að sjá neina mengun frá eldinu, hvorki í sjónum við kvíastæðið né í fjörunni neðan við aðstöðuna í landi.

ATHUGASEMDIR

Fyrirhugað er að sameina starfsleyfi Fjarðarlax og Póroddar skv. gr. 1.1 í starfsleyfi. Bent er á að sækja þarf um þessa breytingu sem allra fyrst.

Búið er að segja upp tryggingu v. bráðamengunar hafs og stranda vegna eldisins skv. gr. 4.7 í starfsleyfi. Bent er á að á meðan starfsleyfi er í gildi ber að halda þessari tryggingu.

ANNAÐ

Fyrirhugað er að sameina leyfi Fjarðarlax og Póroddar þar sem framleiðsan í dag er öll í nafni Fjarðarlax. Bent er á gr. 1.1 í starfsleyfi í því samhengi og sækja þurfi um þessa breytingu nú þegar.

Reykjavík, 28.06.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.